

ÞARFA- OG VÆNTINGAGREINING OG NETKÖNNUN Á STARFSTENGÐUM OG ALMENNUM NÁMSKEIÐUM Í ÍSLENSKU

Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði árið 2021 sem nýsköpunar- og þróunarverkefni

FRÆÐSLUAÐILI: MÍMIR - SÍMENNTUN

ÁÆTLUÐ LOK VERKEFNIS: 31/5/2023

FORGANGSSVIÐ: ÞRÓUN STARFSTENGDS TUNGUMÁLASTUÐNINGS Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

HEITI VERKEFNIS OG NAFN STYRKÞEGA

Þarfa- og væntingagreining og netkönnun á starfstengdum og almennum námskeiðum í íslensku. Mímir - símenntun.

UM VERKEFNIÐ

Þarfa- og væntingagreining meðal innflytjenda um íslenskukennslu í fullorðinsfræðslu sem verður tilraunakennd og skilar rafrænum leiðarvísi fyrir fræðsluaðila og kennara, í ljósi niðurstaðna rannsóknarinnar „Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða“ (60% svarenda lýstu yfir óánægju sinni með íslenskunámið).

MARKMIÐ VERKEFNIS

Rannsaka þarfir og væntingar innflytjenda til íslenskunáms og starfstengds íslenskunáms sem verður leiðbeinandi fyrir fræðsluaðila við skipulag íslenskunámskeiða, þróa leiðarvísi fyrir kennara og fræðsluaðila sem byggir á niðurstöðum könnunarinnar, koma til móts við þarfir og væntingar nemenda og þannig stuðla að betri upplifun og árangri.

HVERJIR ERU HELSTU SAMSTARFSAÐILAR?

Dr. Anna Wojtyńska einn helsti rannsakandi og sérfræðingur í málefnum innflytjenda á Íslandi og ASÍ verða okkur til ráðgjafar. Könnunin verður send á aðrar símenntunarmiðstöðvar, stéttarfélag, stóra vinnustaði með háu hlutfalli erlendra starfsmanna, tungumálaskóla og Vinnumálastofnun.

HVER ER HELSTI ÁVINNINGUR AF VERKEFNINU FYRIR MARKHÓP FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR?

Innflytjendur á Íslandi eru um 55.000 eða 15% af mannfjölda og eru ekki einsleitur hópur. Helsti ávinningur rannsóknarinnar er að kanna væntingar og þarfir nemenda fyrirfram, með því móti verður hægt að koma betur til móts við þennan hóp með auknu framboði og fjölbreyttari íslenskunámskeiðum og þróun starfstengds tungumálastuðnings.

HVERJAR VERÐA LOKAAFURÐIR VERKEFNISINS?

Lokaafurðir verkefnisins verða rafrænn leiðarvísir fyrir fræðsluaðila og kennara sem koma að skipulagningu og kennslu á íslenskunámskeiðum, kynning á málstofu/ráðstefnu tengdri menntun (t.d. Menntakviku, Kvasir) og grein í Gátt-veftímarit um fullorðinsfræðslu.